

Nd.

**SS. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samþyktir um mótak (þskj. 87).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Við 2. gr.

Aftan við orðin: »Atkvæðisrjett hafa í sveitamálum« komi: og þeir, sem mótak eiga eða fjárráðamenn þeirra, ef þeir eru ófullveðja, svo og eru landsetar á mótaksjörð, þótt eigi hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett í sveitamálum.